

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2014/69/ESB

2014/EES/64/25

frá 13. mars 2014

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í rafefnakeramik í þéttum fyrir málsþennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað.
- 2) Enn er ógerlegt frá tæknilegu sjónarmiði að skipta út blýi í rafefnakeramik í þéttum fyrir málsþennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði sem og að skipta út þessum íhlutum í vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði.
- 3) Þótt hægt sé að skipta út blýi í lágspennukeramíkpéttum í öðrum tilvikum krefst notkun þessara blýlausu íhluta í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði þess að framleiðendur endurhanni tækin eða hluta þeirra og fái nýja hönnun viðurkennda til þess að gera þau tæknilega nothæf og sýna fram á áreiðanleika. Notkun blýs í lágspennukeramíkpéttum í vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði ætti því að vera undanþegin banninu til 31. desember 2020. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði er þetta tiltölulega stutt umbreytingartímabil sem ólíklegt er að hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 4) Í samræmi við „viðgert eins og nýgert (e. repair-as-produced)“ meginregluna í tilskipun 2011/65/ESB sem er ætlað að lengja endingartíma vara sem uppfylla kröfur eftir að þær eru settar á markað, skal undanþágan taka til varahluta fram yfir lokadagsetningu hennar án tímamarka.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáráðslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en á síðasta degi sjötta mánaðar eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2014 frá 25. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi 40. liður bætist við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„40. Blý í rafefnakeramik í þéttum fyrir málsþennu sem er lægri en 125 V riðstraumur eða 250 V jafnstraumur fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði.

Fellur úr gildi 31. desember 2020. Má nota eftir þann dag í varahlutum fyrir vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði sett á markað fyrir 1. janúar 2021.“
